



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Dómsmálaráðuneytið,
B.t. Hauks Guðmundssonar og Rögnu Bjarnadóttur,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2025

Tilvísun héraðssaksóknara: 202505-0407

Tilvísun DMR25050096

Efni: Svar við fyrirspurnum dómsmálaráðuneytisins er varðar meðferð og vörslur gagna og upplýsinga sem urðu til við símhlustanir í tengslum við rannsóknir embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008, sbr. einnig 29. gr. laga nr. 47/2015.

Með bréfi, dags. 12. maí 2025, óskaði dómsmálaráðuneytið eftir svörum við spurningum sem og öðrum upplýsingum um meðferð, vörslur og eyðingu gagna vegna símhlustana í tengslum við ætlaða ólögmæta meðferð gagna af hálfu fyrrum starfsmanna embættis sérstaks saksóknara.

Fjallað verður um embættið og símhlustanir með almennum hætti en í lok bréfsins eru samandregin svör við hverri spurningu fyrir sig.

Almennt um embætti sérstaks saksóknara.

Embætti sérstaks saksóknara var stofnað með lögum nr. 135/2008 og tóku fimm starfsmenn þess til starfa 1. febrúar 2009. Embættinu var ætlað að starfa í stuttan tíma og var ráðgert skv. 6. gr. laga nr. 135/2008 að dómsmálaráðherra gæti hvenær sem er eftir 1. janúar 2010 ákveðið að leggja embættið niður. Við niðurlagningu embættisins áttu verkefni þess að hverfa til lögreglu eða ákærenda eftir almennum ákvæðum lögreglulaga og laga um meðferð sakamála. Vegna þess stutta tíma sem embættinu var ætlað að starfa var leitast við að fá lögreglumenn og sérfræðinga lánaða frá öðrum embættum sem þekkingu höfðu á rannsóknum efnahagsbrota og gert ráð fyrir að þeir myndu hverfa til sinna fyrri starfa við lok embættisins.

Embættið óx hratt að umfangi bæði hvað varðar verkefni og fjölda starfsmanna og starfstími þess var lengdur þar til það var lagt niður með lögum nr. 47/2015 þann 31. desember 2015 en við það fóru verkefni þess í hendur héraðssaksóknara.

Tölvuumhverfi sérstaks saksóknara.

Við upphaf starfseminnar fór embættið inn í sama tölvuumhverfi og önnur lögreglulið störfuðu í á sama tíma, meðal annars vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu við það að embættið yrði lagt niður. Sömu skráakerfi og hugbúnaður voru notuð á vinnutölvum starfsmanna á embætti sérstaks saksóknara og má þar nefna heimasvæði, samskrá, tölvupóstkerfi og LÖKE en embættið fékk sér embættinúmer í LÖKE til aðgreiningar frá málum annarra lögregluliða. Öll LÖKE-mál embættisins voru læst og því aðgangsvarin fyrir öðrum notendum kerfisins. Öll tölvukerfi voru

hýst á netþjónum hjá ríkislögreglustjóra og uppsetning þeirra á allan hátt sambærileg við þá meðferð og vörslur gagna sem þekkt var fyrir og framkvæmd hjá lögreglu. Aðgangur starfsmanna að tölvukerfum embættisins var varinn með aðgangsauðkenni og leyniorði sem uppfæra þurfti reglulega með sama hætti og hjá öðrum lögregluliðum. Starfsmenn ríkislögreglustjóra sáu um öryggisafritun af kerfum embættisins eins og hjá öðrum lögregluliðum.

Verklag við símhlustanir.

Varðandi símhlustanir þá var einnig notast við það verklag sem önnur lögreglulið notuðust við á þeim tíma enda kom reynslan og þekkingin með þeim lögreglumönnum sem í fyrstu voru lánaðir til embættisins. Ef rannsóknarhagsmunir í máli stóðu til þess að krefjast símhlustunar þá vann saksóknari rökstudda símhlustunarkröfu sem lögð var fyrir héraðsdóm. Þegar fyrir lá úrskurður dómara, sem heimilaði símhlustun skv. kröfu sérstaks saksóknara, var farið með þann úrskurð til Tölvu- og rafeindadeildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (TRD) sem er sú deild innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem sér um tæknilega útfærslu símhlustana og sér einnig um öll samskipti við símafyrtækin í tengslum við símhlustanir.

Að fengnum úrskurði lét TRD tengja viðkomandi símanúmer í hlustun. TRD opnaði á sama tíma svokallað hlustunardrif hjá þeim starfsmönnum einum sem tilgreindir voru sérstaklega af embætti sérstaks saksóknara sem þeir rannsakarar sem ættu að hafa aðgang að umræddum hlustunum. Voru það einungis þeir rannsakarar sem unnu að því tiltekna máli og í sumum tilvikum aðeins hluti af þeim rannsóknarhópi.

Inn á þetta hlustunardrif vistuðust hljóðskrár, ein fyrir hvert símtal, úr eða í það símanúmer sem búið var að heimila hlustun á. Ekki var hlustað í rauntíma heldur var farið yfir hljóðskrárnar eftir á. Gagngert til þess að halda utan um framkvæmd símhlustana var sett upp það verklag hjá embættinu að þeir rannsakarar, sem unnu með hlustanir, skráðu upplýsingar í skjal sem útbúið var sérstaklega fyrir hverja hlustun. Kom þar fram hver hlustaði umrætt símtal, hvort símtalið hafði þýðingu eða sönnunargildi fyrir rannsókn málsins, hve lengi símtalið var hlustað ef símtalið var ekki hlustað til enda og loks hvort merkja ætti símtalið til varðveislu í þágu rannsókna eða til eyðingar. Ef um var að ræða símtal við verjanda viðkomandi þá átti rannsakandi að hætta hlustun á símtalið um leið og honum var það ljóst að um slíkt símtal væri að ræða og merkja það til eyðingar.

Það skal tekið fram að hljóðskrárnar sem vistuðust inn á hlustunardrifið báru einkvæmt heiti, í raun rununúmer, sem innihélt dagsetningu og tíma en var ekki upplýsandi á nokkurn frekari hátt. Við úrvinnslu símhlustunargagna var því nauðsynlegt að kalla einnig eftir svokölluðum data-gögnum frá símafyrtækjunum en um var að ræða log-skrá sem listaði upp hvaða símanúmer var að tengjast hinu hlustaða símanúmeri á hverjum tíma og hvort símanúmerið hringdi. Data-gögnin komu í sérstakri skrá og þurfti að stemma símtölin af við hana en fyrr lá ekki fyrir hverjir viðmælendurnir væru nema rannsakarar teldu sig þekkja rödd viðmælenda.

Einungis var unnið áfram með þau símtöl sem höfðu þýðingu fyrir rannsókn viðkomandi máls. Þau símtöl voru endurrituð og vistuð með rannsóknargögnum málsins. Önnur símtöl sem enga þýðingu höfðu fyrir rannsókn málanna voru látin vera á hlustunardrifið þar til að fyrir lá að þeim skyldi eytt.

Öllum starfsmönnum var það fullkomlega ljóst að þessi símtöl væru mjög viðkvæm rannsóknargögn og að þau væru ekki til umræðu annars staðar en innan rannsóknarhópsins og alls ekki til afritunar eða notkunar á neinn annan hátt. Þá var starfsmannahópnum það einnig ljóst að einungis valinn hópur starfsmanna sinnti þessum verkefnum.

Trúnaðar- og þagnarskylda starfsmanna sérstaks saksóknara.

Rannsóknir embættisins fengu mikla athygli og þar voru meðhöndluð viðkvæm gögn. Við allar ráðningar starfsmanna til embættisins var þagnarskyldan og trúnaðarskyldan sérstaklega brýnd fyrir viðkomandi og að þagnarskyldan héldist eftir að starfi lyki hjá embættinu eða það hefði verið lagt niður. Einnig var brýnt fyrir starfsmönnum mikilvægi þess að beita fagmennsku og gæta meðalhófs í störfum sínum. Má í þeim efnum m.a. vísa til kynningar sem samin var í tilefni af fundi ríkissaksóknara með ákærendum þann 18. nóvember 2011 en kynningin fylgir bréfi þessu.

Eyðing símhlustunargagna.

Símtöl, sem var aflað með símhlustun og ljóst var að voru símtöl sakbornings við verjanda sinn, voru merkt sérstaklega og þeim átti að eyða um leið og það lá fyrir. Embættið sjálft gat ekki eytt símtölunum af hlustunardröfinu, heldur þurfti í hvert sinn að senda beiðni um slíkt til TRD.

Almenn fyrirmæli laganna um eyðingu á upptökum af símtölum var að finna í 1. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála en þar sagði fram að lagabreytingum á árinu 2016:

Upptökum af símtölum, hljóðupptökum, myndum eða öðrum upplýsingum, sem aflað er á þann hátt er greinir í 80.–82. gr., skal eyða jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf, enda hafi þær ekki verið lagðar fyrir dóm. Sama gildir um afrit eða endurrit af þessum upplýsingum. Ef framangreind gögn hafa að geyma samtöl eða önnur samskipti sakbornings við verjanda sinn, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til, skal eyða þeim þegar í stað.

Spurningin sem kom upp við framkvæmdina hjá embættinu laut að því á hvaða tímamarki taldist ekki lengur þörf fyrir varðveislu á gögnunum. Ákvæði nefndrar 85. gr. um eyðingu gagna var samhljóða eldra ákvæði í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, nánar tiltekið 88. gr., þannig að takmarkað lögskýringaefni var að finna í greinargerð með lagafrumvarpi því sem varð að lögum nr. 88/2008. Í athugasemdum með lögum nr. 19/1991 sagði um þetta efni:

Um X. kafla.

Kaflinn þessi fjallar í fyrsta lagi um þau atriði sem VI. kaflinn núg. l. tekur til en einnig um önnur efni.

[...]

Loks eru í þessum kafla ákvæði um hlustun síma og aðrar skyldar ráðstafanir að verulegu leyti sniðin eftir 71. kafla dönsku réttarfarlaganna. Í 47. gr. núg. l. segir að úrskurða megi hlustun í síma sökunautar þegar öryggi ríkisins krefst eða þegar um mikilsverð sakamál sé að ræða. Nauðsynlegt þótti að setja mun skýrari ákvæði um beitingu þessa úrræðis og setja henni þröngar skorður. Er þetta gert í 86. gr. og 87. gr. frv. sem reyndar taka til fleiri atriða en

eiginlegrar símahlustunar. Í c-lið 86. gr. ræðir um hljóðupptökur, aðrar en símahlustun, og d-liður um myndatöku án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því. Til þessara ráðstafana þarf undanfarandi dómsúrskurð, nema sá sem í hlut á gefi samþykki sitt. Réttthafi símanúmers getur þannig samþykkt hlustun og upptöku á símtölum í og úr því númeri. Þessum úrræðum verður því aðeins beitt að um meiri háttar sakarefni sé að ræða og ástæða sé til að ætla að gögn sem máli skipta fáiist með þessum hætti, sbr. 2. mgr. 87. gr. Í 88. gr. er mælt fyrir um eyðingu gagna sem aflað er á þennan hátt og skyldu til þess að kynna ráðstafanirnar þeim sem hlut eiga að máli þegar slíkt er óhætt vegna rannsóknar máls. Þetta síðastnefnda atriði ætti að tryggja að ekki verði gripið til þeirra ráðstafana sem hér um ræðir, nema í algerum undantekningartilvikum.

Við rannsóknir á málum sem voru til meðferðar hjá sérstökum saksóknara komu ítrekað fram kröfur frá verjendum sakborninga um að þeir fengju afhent símagögn og veittur yrði aðgangur að hljóðrituðum símtölum skjólstæðinga þeirra. Kröfur verjenda voru rökstuddar með því að þeim gæfist kostur á að fara yfir sama efni og rannsakendur ef vera skyldu símtöl sem væru málstað sakbornings til hagsbóta en rannsakendur hefðu ekki gert grein fyrir í gögnum málsins. Kröfum um afhendingu símagagna var jafnan hafnað af hálfu embættis sérstaks saksóknara. Á hinn bóginn var fallist á að sakborningar, ásamt verjendum sínum, fengju aðstöðu hjá embættinu til að hlusta á eigin símtöl eftir útgáfu ákæru.

Við túlkun á ákvæðinu var einnig horft til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 31. mars 2009 í máli Natunen gegn Finnlandi en í því máli hafði upptökum af símtölum kæranda, sem hlustað var á við rannsókn á ætluðu fíkniefnabroti hans, verið eytt meðan mál hans var til meðferðar á fyrsta dómstigi. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að með þessu hefði verið brotið gegn rétti kærandans til réttlátrar málsmeðferðar skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem umræddum gögnum hefði verið eytt áður en dómur var lagður á málið og þar með komið í veg fyrir að kærandinn og verjandi hans gætu staðreynt hvort gögnin hefðu að geyma mikilvægar upplýsingar fyrir vörn hans.

Þessi dómur, sem og það sem áður segir um rétt sakborninga til að hlusta á eigin símtöl, leiddi til þeirrar túlkunar á lagaákvæðinu að þörf væri á að varðveita upptökur af símtölum, að undanskildum símtölum sakborninga við verjendur sína, þar til máli því, sem upptökurnar stöfuðu frá, væri endanlega lokið.

Kröfur sérstaks saksóknara til dómstóla um símhlustanir voru oftast grundvallaðar á fleiri en einu máli sem vörðuðu sömu sakborninga enda komu oftár en ekki fram upplýsingar sem vörðuðu fleiri en eitt mál í hverju símtali. Þetta seinkaði eyðingu símtalanna því bíða þurfti eftir endanlegri niðurstöðu í öllum málunum áður en eyðing hlustaðra símtala var heimiluð.

Með bréfi sérstaks saksóknara til ríkissaksóknara, dagsettu 2. apríl 2012, var þessari aðstöðu lýst og óskað eftir því að ríkissaksóknari gæfi fyrirmæli eða setti verklagsreglur í þessum efnum, jafnframt því sem óskað var eftir leiðbeiningum ríkissaksóknara um það á hvaða tímamarki skyldi eyða þeim hljóðrituðum símtölum sem rannsakendur teldu ekki hafa þýðingu fyrir rannsókn málsins. Ríkissaksóknari gaf út fyrirmæli RS 1/2012 þann 16. apríl 2012 sem

fjölluðu um eftirlit ríkissaksóknara með hlustunum lögreglu en vörðuðu ekki að öðru leyti efni bréfsins.

Lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, var síðan breytt árið 2016 með lögum nr. 103/2016 m.a. með hliðsjón af fyrrnefndum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Natunen gegn Finnlandi til samræmis við þá framkvæmd sem var áður viðhöfð hjá sérstökum saksóknara. Fyrrnefnd 85. gr. laganna hljóðar svo eftir lagabreytinguna.

Upptökum af símtölum, hljóðupptökum, myndum eða öðrum upplýsingum, sem aflað er á þann hátt er greinir í 80.–82. gr., skal eyða jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf. Sé mál höfðað á grundvelli rannsóknar er þó óheimilt að eyða framangreindum gögnum fyrr en endanlegur dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Sama gildir um afrit eða endurrit af þessum upplýsingum. Ef gögnin hafa að geyma samtöl eða önnur samskipti sakbornings við verjanda sinn, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til, skal samt sem áður eyða þeim þegar í stað.

Fjölmiðlar hafa síðustu daga fjallað um ætlaða ólögsmæta meðferð gagna af hálfu fyrrum starfsmanna embættis sérstaks saksóknara. Undirritaður telur að umrædd gögn hafi verið afrituð á starfstíma fyrrum starfsmanna embættisins sem hafa verið til umfjöllunar þ.e. á tímabilinu 2009 til fyrri hluta árs 2012. Á þeim tíma var fáum málum embættis sérstaks saksóknara endanlega lokið og úrvinnslu hlustaðra símtala því ekki lokið, sbr. ofangreint.

Undirritaður telur að hér að ofan fram komin svör við flestu því sem spurningar ráðuneytisins lúta að en samandregið svar er sett við hverja og eina þeirra hér að neðan og svörunum til fyllingar er vísað til þess sem áður hefur komið fram í bréfi þessu:

1. Hvernig var vörslu gagnanna háttað?

Gögnin voru vistuð á hlustunardrifi sem var vistað hjá ríkislögreglustjóra. TRD (nú TSU) hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu opnaði fyrir aðgang tilgreindra rannsákara að hlustunardrifinu við það að símhlustun var komið á með dómsúrskurði sem gerði tilteknum rannsákendum hjá sérstökum saksóknara unnt að tengjast inn á drifið og vinna með símtölin og afrita inn í viðkomandi rannsóknarmál ef efni símtalsins hafði þýðingu fyrir málið. Önnur símtöl, sem vörðuðu ekki rannsókn málsins, átti ekki að afrita og voru vistuð á hlustunardrifinu þar til að gögnunum var eytt. Ef frekari upplýsinga er óskað varðandi aðkomu TRD eða fyrirkomulag á hlustunardrifinu þarf að beina fyrirspurn til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um þau atriði.

2. Til hvaða ráðstafana var gripið til að tryggja öryggi gagna ?

Aðgangur að hlustunardrifi TRD var afmarkaður við þá rannsákendur sem unnu að rannsókn í viðkomandi máli og höfðu verið tilkynntir til TRD. Gögnin voru ekki opin öðrum starfsmönnum embættisins.

3. Hvernig var þeim aðgangsstýrt?

Aðgangsstýringin fólst í því að tilkynna TRD hvaða rannsákendur í viðkomandi máli máttu hafa aðgang að hlustunardrifinu og vinna með gögnin. Viðkomandi varð að skrá sig inn með aðgangsheiti sínu og auðkenni til að geta komist inn.

4. Voru gerðar tæknilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun á aðgangi? Gögnin voru varin með sama hætti og hjá öðrum lögreglulíðum en ekki voru til staðar



sértækar tæknilegar ráðstafanir hjá sérstökum saksóknara til að koma í veg fyrir misnotkun. Þó var sett upp forrit hjá embættinu til að skrá notkun á því vinnudrifi sem gögnin í sakamálunum voru vistuð á hjá embættinu þannig að unnt var að rekja rafræn spor starfsmanna þar en það forrit var sett upp eftir áramótin 2011-2012. Einnig var settur upp Bitlocker læsingarhugbúnaður á tölvur embættisins sem virkjaðist þegar gögn voru afrituð yfir á minniskubba. Opna varð minniskubbinn með aðgangsorði en það kerfi var einnig sett á eftir umrædd áramót.


5. Voru til staðar verklagsreglur sem vörðuðu meðferð gagna?

Verklagið byggðist á því verklagi sem hafði verið viðhaft á þeim lögregluembættum sem aðfengnir lögreglumenn komu frá auk ákvæða í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 sem varða símhlustanir. Að auki voru starfsmenn sérstaks saksóknara sérstaklega brýndir á þagnarskyldu sinni lögum samkvæmt. Sérstakar formlegar verklagsreglur um símhlustanir voru hins vegar ekki settar hjá embætti sérstaks saksóknara umfram það sem leiddi af ákvæðum laga um meðferð sakamála en brýnt var fyrir starfsmönnum, sem höfðu aðkomu að þessu verkefni, að um væri að ræða viðkvæm gögn sem umgangast átti með varfærni auk þess sem aðgangur að gögnunum var takmarkaður við afmarkaðan hóp rannsakenda.

6. Hvaða reglur giltu um eyðingu gagna og á hvaða tímamarki var þeim eytt? Giltu sérstakar reglur um gögn sem töldust ekki varða sakarefni máls hverju sinni?.

Ákvæði 85. gr. laga nr. 88/2008 giltu um eyðingu gagnanna og þeim var eytt þegar meðferð málanna var endanlega lokið enda taldist þörf á að vista þau þangað til. Um símtöl við verjendur gildi sú regla að þeim bar að eyða eins fljótt og auðið var og hlustun á þau hætt um leið og ljóst var að um væri að ræða símtal við verjanda.

Embætti héraðssaksóknara


Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari



Meðfylgjandi:

- Kynningarefni fyrir fund með ákærendum 18.11.2011.
- Fyrirspurn til ríkissaksóknara 2.4.2012 um geymslu símagagna.
- Fyrirmæli ríkissaksóknara RS 1/2012.